

Samstarfs- og þjónustusamningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

1. Inngangur

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ, „háskólinn“) og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs, „safnið“).

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla, reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009 og laga nr. 142/2011, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 142/2011 er safnið háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag, þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Háskólaráð HÍ tilnefnir tvo menn í stjórn þess. Skv. 5. gr. laganna skal samstarf safnsins og háskólans byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi og samkvæmt 6. gr. er gert ráð fyrir að hluti af fjárveitingum til HÍ renni árlega til safnsins samkvæmt samstarfs- og þjónustusamningi milli safnsins og háskólans.

Í þágu sameiginlegra markmiða samningsaðila er með samningi þessum leitast við að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu þá sem samningsaðilar búa yfir. Til grundvallar samningnum er stefnumörkun aðila á hverjum tíma.

Landsbókavörður eða fulltrúi hans situr háskólaþing.

Starfsmenn safnsins eiga aðild að kosningu rektors HÍ, skv. 5. og 6. tölulið 6. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

2. Markmið samnings og hlutverk samningsaðila

Megintilgangur háskólastarfsemi er skipuleg viðleitni til að afla, skapa og varðveita þekkingu og miðla henni til nemenda, fræðasamfélagsins og almennings. Með því samstarfi sem formfest er með þessum samningi, er verið að efla safnið sem bókasafn HÍ, tryggja virka þátttöku þess í starfi og þróun HÍ og taka mið af þróun háskólans sem rannsóknarháskóla.

Helstu markmið þessa samnings eru:

- Að vinna að uppbyggingu safnsins sem þekkingarveitu bæði almennt og á sérhæfðum sviðum í samráði við fræðasvið og deildir háskólans.
- Að tryggja aðgang nemenda og starfsfólks háskólans að fræðilegu efni. Í því skyni er lögð sérstök áhersla á rafrænar áskriftir og rafræna miðlun upplýsinga.
- Að vinna að markmiðum stjórnvalda og samningsaðila um opinn aðgang að rannsóknargögnum og rannsóknarritum.
- Að tryggja öfluga notendafræðslu sem miði að auknu upplýsingalæsi innan háskólasamfélagsins og nái til allra fræðasviða og deilda HÍ.
- Að efla samstarf aðila og gera það markvissara.

- Að styrkja safnið sem rannsóknarstofnun sbr. 4. gr. laga nr. 142/2011, m.a. í samvinnu við námsbraut í upplýsingafræði í Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild á Félagsvísindasviði HÍ og aðrar deildir/námsbrautir eftir því sem við á.

Auk þeirrar þjónustu sem safnið veitir almenningi njóta nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn HÍ sérstakrar þjónustu í samræmi við framangreind markmið samningsins og önnur ákvæði hans. Ef annað er ekki tilgreint er þjónusta safnsins við nemendur, kennara og aðra starfsmenn HÍ gjaldsett skv. gjaldskrá Lbs-Hbs.

3. Samstarfsnefnd um framkvæmd samningsins

Í samstarfsnefnd um málefni samningsins og samskipti samningsaðila skal hvor aðili um sig tilnefna tvo til þrjá fulltrúa. Nefndin skal hittast a.m.k. einu sinni á misseri. Hlutverk hennar er:

- Að sjá um framkvæmd samningsins, viðauka og undirsamninga er honum tengjast og gera áætlanir um framkvæmdaatriði þeirra.
- Að fjalla um sameiginleg málefni svo sem breytingar á starfsemi sem tengjast báðum stofnunum.
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

4. Samstarf um gagnakaup

Stofnanirnar eru sammála um að eiga náíð samstarf um kaup á gögnum til safnsins. Fé sem fræðasvið ætla háskóladeildum til gagnakaupa er ráðstafað í gegnum safnið í samræmi við verklag sem sérstaklega skal staðfest (sjá fylgiskjal 1). Upplýsingar um fé til gagnakaupa skulu sendar safninu að lokinni gerð fjárhagsáætlunar HÍ í febrúar ár hvert. Fjármálasvið HÍ sér um að inna af hendi árlegt fjárframlag háskólans með tveimur jafnháum greiðslum, í maí og í september.

Haldið verður áfram þeirri megin stefnu að bæta aðstöðu til náms og rannsókna og auka hlut rafræns efnis og rafrænnar þjónustu.

Háskóli Íslands tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum áskriftum og á fulltrúa í stjórnarnefnd Landsaðgangs.

Stefnt skal að frekari innkaupum rafræns efnis sem nýtist þvert á svið og deildir. Greiðslu- fyrirkomulag verður skoðað hverju sinni og mætti skoða að fjármagna miðlægt.

5. Akademísk málefni

Stofnanirnar leggja áherslu á að kynna nemendum og starfsmönnum HÍ þjónustu og safnkost Lbs-Hbs með fræðslu og kynningum. Áhersla er lögð á upplýsingalæsi, leiðsögn og aðgengi að upplýsingum og gögnum og sérstaklega notkun stafrænna gagna og efnis á vef. Safnið skipuleggur námskeið og fræðslu sem löguð eru að þörfum einstakra hópa nemenda eða kennara og starfar með kennsluviði háskólans og ritveri HÍ (sbr. fylgiskjal nr. 6).

Safnið kemur upplýsingum og þjónustumöguleikum á framfæri við nemendur og kennara sem víðast í samstarfi við markaðs- og samskiptasvið HÍ. Skilgreindar upplýsingaleiðir eru vefir stofnananna, upplýsingaskjái á háskólasvæðinu, samfélagsmiðlar, Uglan, kennslukerfið Canvas og póstlistar.

Stofnanirnar skulu eiga náið samstarf um birtingu rannsóknargagna og rannsóknarniðurstaðna í opnum aðgangi og efla fræðslu og kynningu um málefnið. Ennfremur skulu stofnanirnar vinna að því að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn komi á fót rannsóknþjónustu til að miðla upplýsingum um opin vísindi, efna til fræðslu og umræðu á þessu sviði og auðvelda birtingar í opnum aðgangi, nánar útfært í fylgiskjali 7.

Lbs-Hbs stýrir verkefninu um rannsóknupplýsingakerfið Íris og rekur varðveislusafnið Opin vísindi. Stofnanirnar munu vinna að framgangi Írisar og Opinna vísinda og auka þekkingu og notkun á bókfræðimælingum, sbr. fylgiskjal 8.

Safnið rekur Skemmuna, rafrænt varðveislusafn lokaritgerða nemenda íslenskra háskóla til bakkalár- og meistaraþrófs. Starfsfólk Lbs-Hbs tekur á móti lokaverkefnum nemenda háskólans, samþykkir til birtingar í Skemmu og annast samskipti sem því tengjast, sbr. fylgiskjal 5.

Safnið skal eiga samstarf við kennsluvið HÍ um fræðslu fyrir starfsfólk og Miðstöð framhaldsnáms um aukna þjónustu við doktorsnema.

Stefnt skal að því að öll fræðasvið háskólans hafi tengilið við safnið og að safnið tilnefni tengiliði við sviðin. Æskilegt er að tengiliðir safnsins hafi þekkingu á viðkomandi fræðasviði og að til þeirra geti starfsfólk sviðanna leitað. Nánar er fjallað um hlutverk tengiliða og starfssvið þeirra í fylgiskjali 2.

6. Afgreiðslutími

Stofnanirnar munu sameiginlega vinna að því að afgreiðslutími safnsins mæti þörfum stúdenta háskólans fyrir lesrými og þjónustu eins og frekast er kostur og tekur afgreiðslutími safnsins mið af kennsluálfningu háskólans.

Safnið lengir almennan afgreiðslutíma tvisvar á ári á prófatíma í HÍ og tekur frá lessæti sérstaklega ætluð nemendum háskólans á prófatímum.

Jafnframt leggur safnið til hópvinnuherbergi fyrir nemendur háskólans, án endurgjalds.

7. Starfsmannamálefni

Safnið hefur heimild til þess að nýta gestaíbúðir háskólans. Starfsfólk Lbs-Hbs hefur aðgang að íþróttahúsi. Starfsfólk Lbs-Hbs getur sótt um Erasmus styrki vegna verkefna sem unnin eru í þágu HÍ samkvæmt samkomulagi við Alþjóðasvið HÍ. Stofnanir HÍ, fræðasvið og deildir geta sótt um sýningaraðstöðu í Þjóðarbókhöfðu. Ekki er innheimt gjald fyrir aðstöðuna.

8. Fjárhagsmálefni

8.1 Rekstur útibúa

Safnið rekur útibú í einstökum húsum háskólans og eru þau flokkuð með tilliti til þeirrar þjónustu sem starfsmönnum og stúdentum háskólans er þar veitt, sbr. fylgiskjal 3.

8.2 Gjaldsetning á þjónustu safnsins

- Bókasafnsskírteini eru án endurgjalds fyrir starfsmenn og nemendur HÍ. Háskólinn greiðir safninu miðlægt fyrir þjónustuna og skal miðað við fjölda nemenda og starfsmanna skv. tölum frá HÍ. Greitt er fyrir sem svarar 25% af almennu skírteinisgjaldi. Í upphafi hvers misseris sendir nemendaskrá lista yfir nemendur og starfsmenn sem skráðir eru í bókasafnskerfið Gegni.

- Almenn upplýsingaþjónusta er án endurgjalds, en flóknar upplýsingaleitir eru gerðar fyrir starfsmenn háskólans og doktorsnema og þá afgreiddar gegn gjaldi sbr. gjaldskrá.
- Helmingsafsláttur er veittur af millisafnalánum og leigu á fyrirlestrarsal og kennslustofu.
- Fræðsla og kynningar á vegum safnsins eru án endurgjalds.

8.3 Aðgangur og notkun gagnagrunna og kerfa

- Háskólinn greiðir árlega fyrir rekstur og afnot af gegnir.is, leitir.is og tengdum kerfum, 60% af því þjónustugjaldi sem safnið greiðir fyrir afnotin af bókasafns- og leitarkerfunum. Verði breytingar á þjónustugjaldinu, til hækkunar eða lækkunar, verður þessi hlutdeild endurskoðuð.
- Háskólinn greiðir fyrir rekstur og hýsingu Skemunnar skv. greiðslulíkani og sérstökum samningi.
- Háskólinn greiðir fyrir rekstur og hýsingu vegna rannsóknupplýsingakerfisins Íris og varðveislusafnsins Opin vísindi skv. greiðslulíkani og sérstökum samningi.
- Háskólinn greiðir miðlægt til Landsaðgangs að rafrænum áskriftum skv. reiknilíkani.

8.4 Þjónusta Upplýsingatæknisviðs HÍ og samvinna við safnið

- Upplýsingatæknisvið HÍ (UTS) veitir nemendum og starfsfólki háskólans aðgang að tölvubúnaði og prenturum í almennu rými safnsins.
- Þessi þjónusta og samvinna er nánar tilgreind í fylgiskjali 4.

Fylgiskjöl:

1. Verklag vegna gagnakaupa.
2. Tengiliðir við fræðasvið og deildir.
3. Viðmið um starfsemi útibúa.
4. Samvinna við Upplýsingatæknisvið Háskóla Íslands (UTS).
5. Skemman.is, varðveisla lokaverkefna og verklag við skil.
6. Samstarf við Ritver Háskóla Íslands.
7. Rannsóknauplýsingakerfið Íris.
8. Varðveislusafnið Opin vísindi.

Gildistaka


Samstarfssamningur þessi gildir til fimm ára frá undirritun og tekur við af samningi Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, dags. 26. júní 2015.


Heimilt er að breyta samningnum á gildistíma hans með samþykki samningsaðila.

Gert í Reykjavík 14. mars 2022

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Landsbókasafns Íslands –
Háskólabókasafns


Jón Atli Benediktsson
rektor


Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Fylgiskjal 1

Verklag vegna gagnakaupa

Háskóli Íslands greiðir fyrir gagnakaup vegna kennslu og rannsókna og ákveður framlög vegna gagnakaupa á hverju ári. Fé sem fræðasvið ætla háskóladeildum til gagnakaupa er ráðstafað í gegnum safnið.

Framlöggin eru notuð til að greiða fyrir bækur, tímarit (rafræn og prentuð), gagnasöfn, myndefni og annað efni sem þörf er talin á.

Fræðasvið og deildir senda fjármálastjóra HÍ upplýsingar um upphæðir til gagnakaupa að lokinni fjárhagsáætlunargerð í febrúar ár hvert. Fjármálastjóri framsendir upplýsingarnar til safnsins. Gagnakaupaféð er greitt til safnsins með tveimur jafnháum greiðslum í maí og í september.

Fagstjóri aðfanga í Lbs-Hbs heldur utan um bókhald sjóða fyrir hvert fræðasvið/deild og sendir yfirlit tvisvar á ári, að sumri og í upphafi nýs árs, eða þegar fé er uppuríð. Athuga þarf að virðisaukaskattur og kostnaður vegna tollumsýslu bætist við kostnaðarverð bóka og prentaðra tímarita.

Hvert fræðasvið/deild ákveður verklag varðandi bóka- og tímaritapantanir fyrir sig í samráði við fagstjóra aðfanga. Senda má beiðnir í tölvupósti eða fylla út eyðublað á vef safnsins með óskum um gagnakaup. Fagstjóri erlendra aðfanga eða tengiliður safnsins við sviðið eða deildina aðstoðar við ritakaupaferlið og hefur milligöngu um gagnakaup ef óskað er.

Gagnasöfn

Gagnasöfn eru ýmist keypt fyrir Háskóla Íslands, í samvinnu við safnið eða aðra háskóla og/eða önnur bókasöfn. Borgar þá háskólinn hluta af kostnaðinum samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Gagnasöfn þarf að endurnýja á hverju ári, oftast um áramót. Fagstjóri erlendra aðfanga hefur samband við viðkomandi deildir um endurnýjun í lok árs.

Tímarit

Í byrjun október ár hvert sendir safnið lista yfir tímarit í áskrift til viðkomandi fræðasviðs eða deildar. Þar er farið yfir listana og ákveðið hvaða tímarit eigi að kaupa áfram og hvaða tímaritum á að segja upp. Þegar ákvörðun hefur verið tekin er staðfesting send safninu í tölvupósti fyrir mánaðamót október/nóvember. Berist ekki svar fyrir þann tíma lítur safnið svo á að listinn hafi verið samþykktur óbreyttur.

Landsaðgangur

Háskóli Íslands tekur þátt í samstarfi og greiðslum vegna Landsaðgangs að rafrænum áskriftum, og greiðir miðlægt samkvæmt reiknilíkani sem byggist á fjölda nemenda, kennara og fjárveitingu til skólans. Lbs-Hbs sendir reikninga vegna Landsaðgangs að lokinni greiðsluskiptingu. Háskóli Íslands á fulltrúa í stjórnarnefnd Landsaðgangs.

Skráning

Rit sem pöntuð eru af háskólakennurum njóta forgangs í aðfanga- og skráningarferli safnsins.

Tölfræði

Safnið sér um að taka út tölur um notkun fyrir gagnasöfn og stafræn tímarit og sendir háskólanum til upplýsingar áður en kemur að endurnýjun. Tölur um notkun á efni í Landsaðgangi eru lagðar fyrir stjórnarnefnd.

Fylgiskjal 2

Tengiliðir við fræðasvið og deildir

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tilnefni starfsmenn sem tengiliði við öll fræðasvið eða tiltekna deildir Háskóla Íslands og fræðasviðin tilnefna tengiliði við safnið.

Helstu hlutverk tengiliðar eru:

1. Annast almenn samskipti safnsins við viðkomandi fræðasvið eða deild.
2. Svarar fyrirspurnum frá starfsmönnum fræðasviðs eða deildar, eða kemur þeim í réttan farveg innan safnsins. Veitir kennurum bókasafnsþjónustu eftir þörfum.
3. Fundar reglulega með tengiliði fræðasviðs eða deildar og öðrum fulltrúum þess eftir atvikum, þar sem farið er yfir aðföng, ritakaupafé og stöðu sjóða, fjallað um fræðslu og kynningar (í samráði við upplýsingaþjónustu), námsbókasafn og önnur hagsmunamál beggja aðila.
4. Mætir á fund hjá fræðasviði eða deild í upphafi misseris ef tími leyfir og kynnir nýjungar í starfsemi safnsins.
5. Fylgist með endurnýjun tímarita að hausti og sér til þess að frestur til endurnýjunar renni ekki út án þess að sviðið/deildin hafi fengið viðvörðun.
6. Tekur virkan þátt í uppbyggingu safnkosts í samstarfi við fræðasvið eða deild.
7. Tekur saman lista yfir ný aðföng fræðasviðs / deildar eftir þörfum.
8. Fylgist með starfsemi fræðasviðs eða deildar og tengir það safninu eftir aðstæðum, í tengslum við gestafyrirlesara, gestakennara, ráðstefnur o.fl.

Fylgiskjal 3

Viðmið um starfsemi útibúa

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn starfrækir nokkur útibú sem eru staðsett bæði á háskólalóðinni og utan hennar.

Útibú I - Útibú með þjónustu og fastri viðveru

Safnið leggur til starfsmann sem hefur fasta viðvist í útibúinu ákveðinn hluta dags eftir samkomulagi. Starfsmaðurinn er tengiliður viðkomandi deildar við safnið. Starfsmaðurinn heldur utan um útlán og veitir notendum sérhæfða upplýsingaþjónustu.

Háskóli Íslands leggur til húsnæði, hillubúnað, ljósritunarvél, vinnuaðstöðu og tölvu.

LAGABÓKASAFN, Lögbergi. Veitt er þjónusta tiltekinn tíma dag hvern.

Útibú II - Útibú án viðveru (lokuð handbókasöfn kennara og framhaldsnema)

Sú meginstefna hefur verið mörkuð að eftirfarandi útibú verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum, sérfræðingum og nemendum í framhaldsnámi, en öðrum stúdentum verði beint í Þjóðarbókhöð.

Safnið leggur til starfsmann sem hefur umsjón með útibúinu. Starfsmaðurinn hefur viðkomu í útibúinu eftir þörfum og hefur umsjón með ritakosti útibúsins og er notendum innanhandar um málefni útibúsins.

Háskóli Íslands leggur til húsnæði, hillubúnað, tölvu og ljósritunarvél skv. samkomulagi.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS, Dunhaga 3. Safnið er handbókasafn starfsmanna stofnunarinnar. Engin útlán. Eftirlit eftir þörfum.

TÆKNIGARÐUR Bókastofa námsbrautar í stærðfræði í Raunvísindadeild er handbókasafn kennara og nemenda í framhaldsnámi. Engin útlán. Eftirlit eftir þörfum.

Fylgiskjal 4

Samvinna við Upplýsingatækni við Háskóla Íslands (UTS)

UTS rekur tölvuver á 3. og 4. hæð safnsins, samtals 16 tölvur.

Einnig rekur UTS prentara á sömu hæðum fyrir stúdenta.

Fylgiskjal 5

Skemman.is - varðveisla lokaverkefna og verklag við skil

Samkvæmt 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 skal nemandi sem hyggst útskrifast frá Háskóla Íslands skila inn rafrænu eintaki af lokaverkefni sínu í Skemmuna.

Skemman er rafrænt varðveislusafn lokaverkefna nemenda allra háskóla á Íslandi. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hýsir Skemmuna og sér um rekstur hennar. Í safninu eru varðveitt lokaverkefni nemenda Háskóla Íslands á grunn- og meistarastigi. Markmiðið með Skemmu er m.a. að opna sem flestum aðgang að fræðilegu efni og eru nemendur hvattir til að hafa lokaverkefni sín opin. Sumar deildir HÍ hafa sett reglur varðandi aðgang að lokaverkefnum nemenda sinna. Lokaverkefnin eru hluti af skjalasafni Háskóla Íslands. Þau eru varðveitt í Skemmu og reglulega skilað til Þjóðskjalasafns Íslands eins og kveðið er á um í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Verklag:

1. Nemandi sér sjálfur um að skila eintaki af lokaverkefni sínu í Skemmu.
2. Nemandi skilar auk þess í Skemmu útfylltu eyðublaði sem segir til um aðgang að lokaverkefninu.
3. Þegar þessum gögnum hefur verið skilað í Skemmu fær nemandi staðfestingu þess efnis að skil séu móttekin.
4. Starfsmenn Lbs-Hbs fara yfir innsend lokaverkefni áður en þau eru samþykkt til birtingar í Skemmu. Þeir tryggja gæði lýsigagna og skráa og gefa verkefnum samræmd efnisorð.
5. Þegar lokaverkefni hefur verið samþykkt til birtingar fær nemandi staðfestingu þar um. Þeirri staðfestingu er skilað með pappírseintaki lokaverkefnis til deildarskrifstofu eða eftir tilhögun á hverju sviði/deild.
6. Nemanda er heimilt að skipta út eintaki af lokaverkefni einu sinni fyrir útskrift. Óski hann þess að skipta út eintaki að útskrift lokinni þarf leiðbeinandi hans eða annar þar til bær fulltrúi viðkomandi deildar að staðfesta að honum sé það heimilt.
7. Lbs-Hbs sér til þess að nemendum standi til boða greinargóðar leiðbeiningar um það hvernig skil skuli framkvæmd og að þær leiðbeiningar séu aðgengilegar á vef safnsins.

Fylgiskjal 6

Samstarf við Ritver Háskóla Íslands

1. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn sér ritveri Háskóla Íslands fyrir aðstöðu í Þjóðarbókhlöðu til að taka á móti nemendum sem hafa bókað viðtalsfund hjá ráðgjöfum ritversins eða mæta í opna tíma. Lbs - Hbs sér ritveri fyrir síma í aðstöðunni og kynnir þjónustu þess á vef sínum, upplýsingaskjám og samfélagsmiðlum. Upplýsingatækni við HÍ sér ritveri fyrir tölvu og hefur umsjón með henni. Ritver greiðir laun ráðgjafa.
2. Ritver HÍ og upplýsingaþjónusta Lbs - Hbs vinna saman að skipulagningu og skipta með sér framkvæmd fræðslu fyrir nemendur HÍ vegna ritunar, heimildavinnu og almenns upplýsingalæsis í samræmi við leikniviðmið þau sem sett eru fram í viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011, en þar segir m.a.: „Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar. Í því felst að nemandi: ... greini hvenær þörf er á upplýsingum og hafi færni til finna þær, meta áreiðanleika þeirra og nýta á viðeigandi hátt, geti nýtt sé viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á viðkomandi fræðasviði“.
3. Ritver HÍ hefur aðgang að kennslustofu og fyrirlestrasal í Þjóðarbókhlöðu án endurgjalds í samráði við upplýsingaþjónustu.
4. Ritver HÍ og upplýsingaþjónusta Lbs-Hbs skipuleggja árlega Verkefnavöku fyrir stúdenta HÍ ásamt öðrum bókasöfnum HÍ og náms- og starfsráðgjöf. Verkefnavaka fer fram í Þjóðarbókhlöðu.
5. Ritver HÍ og Lbs - Hbs leita leiða til að efla samstarf við önnur bókasöfn H.Í. um þjónustu við fræðileg skrif nemenda.
6. Tengiliður við ritverin hjá Lbs - Hbs er fagstjóri miðlunar.

Fylgiskjal 7 – Í vinnslu

Rannsóknaupplýsingakerfið Íris

Fylgiskjal 8 – Í vinnslu

Varðveislusafnið Opin vísindi